

Fréttabréf Brimvers - Æskukots

Maí 2017

Enn og aftur fáum við að njóta þess að upplifa vorið og finna að sumarið er komið. Við höfum upplifað góða daga þar sem hægt er að fara út í leik á strigaskóm og peysu. Börnin taka þeim dögum fagnandi og eru fljót út í leik. Við stefnum á að nýta sumarið til útivistar, leikja og náms og njóta sumarsins hér við ströndina.

Ég vil hvetja foreldra/forráðamenn til að hafa samband við undirritaða ef eitthvað er sem betur má fara í skólastarfinu, einnig ef þið hafið hugmyndir um það sem getur auðgað starf skólans.

Sigríður Birna Birgisdóttir, leikskólastjóri



Mikilvægar dagsetningar í sumar

- 10. maí - Nemendur fæddir 2011 fara í bókasafnið í BES og skólavist
- 16. maí – Útskrift í Brimveri kl. 15:00
- 17. maí – Útskrift í Æskukoti kl. 15:00
- 18. maí – Útskriftarferð
- 22. maí – Vorferð í boði foreldrafélaga
- 7. júní – Starfsdagur – Leikskólinn lokaður
- 13. júní – Hjóladagur
- 14. júní – Vorhátíð í Æskukoti kl. 10:00-12:00
- 23. júní – Vorhátíð í Brimveri kl. 10:00-12:00
- 6. júlí – Sumarfrí byrjar, leikskólinn opnar eftir frí 10. ágúst

Efnisyfirlit

Mikilvægar dagsetningar í sumar.....	1
Uppsögn á leikskólaplássi	2
Lífið er læsi – læsisstefna	
Árborgar	2
Niðurstöður foreldrakönnun ...	3
Starfsmenn	3
Sumarfrí 2017	3
Starfsdagar 2017-2018	3
Fundargerð foreldraráðs	4

Uppsögn á leikskólaplássi

Uppsögn þarf að hafa borist fyrir 15. hvers mánaðar og miðað er við að uppsögn taki gildi 1. næsta mánaðar. Uppsögn dvalarsamnings skal í öllum tilfellum vera skrifleg og skilast til leikskólastjóra. Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningi. Sækja skal um breytingar á [Mín Árborg](#) eða á sérstöku eyðublaði hjá leikskólastjóra. (Sem dæmi þarf að segja upp leikskólaplássi fyrir 15. júní fyrir börn sem hætta 1. júlí). Minni á að foreldrar verða að segja upp leikskólaplássi vegna nemenda sem hefja grunnskólagöngu í haust og einnig þegar nemendur færast á milli leikskóla. [Hér](#) er hægt að kynna sér reglur um leikskóla í Árborg.

Lífið er læsi – læsisstefna Árborgar

(pistill fræðslustjóra Árborgar)



Í vetur hafa leikskólar og grunnskólar Sveitarfélagsins Árborgar unnið eftir nýlegri læsisstefnu sem nú er verið að gefa út. Vinna faghópa í skólum sveitarfélagsins og öflugt þróunarstarf síðastliðin þrjú ár er grunnur læsisstefnunnar. Þarna er að finna leiðbeiningar og viðmið sem eru leiðarvísir fyrir foreldra og kennara í leik- og grunnskólum en einnig fyrir þá nemendur sem eru farnir að bera mikla ábyrgð á eigin námi.

Eins og fram kemur í læsisstefnunni er nauðsynlegt að viðhalda og þróa læsi og lestrarfærni alla skólagönguna. Einnig þurfa áherslur í námi og kennslu að leggja grunn að ánægjulegri upplifun af lestri. Mikilvægt er að nemendur á öllum aldri hafi góðar lestrarfyrirmyndir bæði heima og í skóla þar sem lestur og spjall um lífið og tilveruna eru hluti af daglegu lífi. Bæði heimalestur, a.m.k. fimm daga vikunnar, og að lesa upphátt í skólanum er mikilvægur liður í því að skapa besta mögulega námsárangur og velferð nemenda.

Fræðslustjóri hvetur nemendur, foreldra, kennara og sem flesta aðila skólasamfélagsins til að kynna sér læsisstefnuna og fylgja henni vel eftir. Lífið er læsi er aðgengileg á heimasíðu Árborgar í pdf formi og þá verður stefnan prentuð í takmörkuðu upplagi. Fljótlega verður hægt að nálgast hana í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins og í Ráðhúsi Árborgar. Vefútgáfu læsisstefnunnar er hægt að nálgast [hér](#).

Með góðri samstarfskveðju
Þorsteinn Hjartarson

Niðurstöður foreldrakönnun

Niðurstöður úr foreldrakönnun leikskóla sem lögð var fyrir í mars liggja nú fyrir. Könnunin kom almennt vel, út þar er margt gott sem ber að fagna og halda áfram að hlúa að því sem vel er gert. Við sjáum líka tækifæri til að gera betur og nýta þannig niðurstöður á uppbyggilegan hátt fyrir nemendur og skólastarfið í heild. Starfsfólk skólans vinnur úr niðurstöðum sem verða birtar. Kærar þakkir fyrir þátttökuna ☺

Starfsmenn

G. Ásgerður Eiríksdóttir, leikskólakennari hefur hafið störf við leikskólann og sinnir afleysingum til að byrja með í Brimveri/Æskukoti. Við bjóðum hana velkomna til starfa.

Sumarfrí 2017

- ✓ Sumarfrí leikskólans 2017 er frá og með 6. júlí til og með 9. ágúst. Leikskólinn opnar eftir frí fimmtudaginn 10. ágúst.

Starfsdagar 2017-2018

Fræðslunefnd hefur samþykkt starfsdaga fyrir næsta skólaári

- 17. ágúst – Leikskólinn lokaður
- 13. október – Haustþing – Leikskólinn lokaður
- 16. nóvember – Leikskólinn lokaður
- 13. febrúar – Leikskólinn lokaður
- 14. mars – Skóladagur Árborgar - Leikskólinn lokaður
- 12. júní – Leikskólinn lokaður

Fundargerð foreldraráðs

Stokkseyri, 2. maí 2017

5. fundur foreldraráðs Brimvers/Æskukots

Mættar eru Sigga Birna, Vigdís, Hanna Siv, Þóra Ósk og Ína.

Dagskrá fundarins:

1. Heilsueflandi leikskóli.
 2. Foreldrakönnun.
 3. Leikskóladagatal.
 - 4-5. Önnur málefni.
-
1. Viðstaddar eru hlynntar því að leikskólinn taki þátt í aukinni heilsueflingu. Hugmyndir eru uppi um að tengja verkefnið við grunnskólastarfið.
 2. Almenn ánægja með hátt svarhlutfall í foreldrakönnuninni. Niðurstöður verða nýttar í umbótaáætlun að lokinni úrvinnslu. Meðal annars er stefnt á að bæta upplýsingaflæði innan leikskólans.
 3. Aðalfundur foreldraráðs og foreldrafélaga verður haldinn þann 20. september 2017. Stefnt er á að kynning á starfi leikskólans verði dagana 12. og 13. september 2017. Upp kom hugmynd um að breyta tímasetningu, þ.e. að bjóða foreldrum á kynningu að kvöldi til en síðustu ár hefur hún farið fram snemma að morgni. Einnig kom upp hugmynd um að bjóða foreldrum að skoða skólastarfið inni á deildum þar sem þeir kynnast kennsluaðferðum og verkfærum sem notuð eru. Slík kynning færi fram að lokinni kennslu. Í sambandi við bónda- og konudagskaffi sem boðið hefur verið upp á undanfarin ár kom upp sú hugmynd að bjóða fjölskyldum nemenda í kaffi á degi leikskólans og sameina þannig viðburðina.
 4. Rætt um læsisstefnu Árborgar. Bæklingur skoðaður.
 5. Svo virðist sem tímaskortur sé viðvarandi í starfi leikskólastarfsfólks en upp hefur komið hugmynd um að ráðnir séu starfsmenn sem „rúlla“ eða fara á milli leikskóla innan Árborgar og auka þannig undirbúningstíma innan skólanna án þess að fjölga starfsdögum. Þannig sé hægt að styðja við faglegt starf leikskólanna.

Stefnt er á að næsti fundur verði haldinn í júní 2017. Á dagskrá er skipulagsvinna vegna skólaársins 2017-2018.

F.h. foreldraráðs,
Sigrún Ína Ásbergsdóttir.